



Fréttablaðið, 25.02.2021, síðu 30
grein stærð: 131.61 sm²
grein hæð: 6.43 sm

Dýrslegur kraftur í Listasafninu

Dýrslegur kraftur er sam-sýning Errós og fimmtán annarra listamanna í Listasafni Reykjavíkur. Á sýningunni eru verk Errós frá ýmsum tímum sett í samhengi íslenskrar samtímalistar. Verkin á sýningunni eru fjölbreytt og vísa til og/eda endurspeglá á einn eda annan hátt þá fjölmörgu miðla sem Erró er þekktur fyrir og þann frjóa og kraftmikla hugmyndaheim sem birtist okkur í verkum hans.

Við undirbúning sýningarinnar

varð ljóst að frásögnin, höfundar-einkenni Errós sjálf, yrði ráðandi þáttur í þeim verkum sem valin yrðu. Þar úir og grúir af táknum og tilvísunum, bæði í listasöguna og sjónmenningu daglegs lífs. Samfélagslegar tengingar eru listamönnunum jafnframt hugleiknar, enda eitt hlutverk myndlistarinnar að kallast á við samtíma sinn og varpa ljósi á hann. Undiralda sýningarinnar er ótaminn sköpunarkraftur þar sem fundið myndmál og frásögn blandast



Verk eftir Erró vekja alltaf mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

frumsköpun og tjáningu, eftir því sem sagt er á heimasíðu safnsins, listasafnreykjavíkur.is.

Fróðlegt er að rýna í samhengi verka Errós og annarra listamanna á sýningunni. Hann hefur starfað allan sinn feril erlendis og hér má velta fyrir sér áhrifum hans á íslenska myndlist og eins hvort og hvaða áhrif íslensk myndlist og sannur áhugi hans á henni hefur haft á hann.

Sýningin stendur til 30. maí 2021.